



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# Nútímabókmenntir

## ÍSLE3NB05

Námsáætlun vorönn 2024

### Kennarar:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) [gudbjorg10@fsu.is](mailto:gudbjorg10@fsu.is)

Jón Özur Snorrason (JÖS) [jozur@fsu.is](mailto:jozur@fsu.is)

### Áfangalýsing

Í áfanganum kynast nemendur íslenski bókmenntasögu frá 1920 til nútímans í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlandis og erlendis. Nemendur læra um helstu höfunda þessa tímabils, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og reyna að átta sig á erindi þeirra við eigin samtíma og nútímann.

### Markmið áfangans

#### Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- ritgerðarsmíð og heimildavinnu
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- helstu bókmenntastefnum sem tengjast viðfangsefninu

#### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ritgerðir þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og vandaðan hátt á blæbrigðaríku máli
- ganga frá texta til birtingar
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna

#### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka og bera saman bókmenntaverk og setja þau í sögulegt samhengi
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- velja ritstíl sem hæfir aðstæðum
- tjá rökstudda afstöðu

## Námsefni

- Ólafur Jóhann Ólafsson. (2020). *Snerting*. Bjartur gefur út. Hægt að fá sem rafbók. Er einnig á Storytel.
- Guðlaug Guðmundsdóttir og Hildur Ýr Ísberg (völdu efni). (2020). *Randafluga: Úrval smásagna og ljóða*. Forlagið.
- Kjörbók eftir íslenskan höfund og skrifuð eftir 2010.
- Efni frá kennurum.

## Námsmat:

**Áfanginn er símatsáfangi og því þarf að skila ÖLLUM verkefnum áfangans.**

5% Ljóð og sögugreining

15% Kjörbók og ritgerðarsmíð

10% Upphaf nútímabókmennta

10% Halldór Kiljan Laxness

30% Snerting – draumar um betri daga; tvö krossapróf, verkefni auk bókmennta- og heimildaritgerðar

15% Konur og bókmenntir

15% Bókmenntir á líðandi stundu - verkefni sem skilað er munnlega

## Kröfur og verkefnaskil

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögð fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað. Eftir skiladag er gefið tveggja daga svigrúm til að skila verkefni. Eftir að skilaboxi er lokað er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag. Nemendur með lögleg forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir skiladag. • Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefnin sjálf í símanum.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

## Vinnuáætlun - Nútímabókmenntir, vorönn 2024

Dags.	Viðfangsefni
5. jan.	Kynning á áfanganum.
8. - 12. jan.	<b>Ljóðgreining / sögugreining</b> Unnið með grundvallar atriði textagreiningar á sögum og ljóðum. Lesnar valdar smásögur og ljóð til greiningar. Lesa sögurnar Grimmd og Heimþrá úr bókinni Randafluga.
15. - 19. jan.	<b>Kjörbók valin og ritgerðarsmið</b> Hér er kjörbók valin og unnið að undirbúningi ritgerðarsmiðar. <b>Ritgerðin</b> er heimavinna.
22. - 26. jan.	<b>Upphaf íslenskra nútímabókmennta</b> Hvað eru nútímabókmenntir? Farið í sögulegar útskýringar og skoðum hvað hefur breyst.
29. jan - 2. feb.	Áfram unnið með bókmenntasöguna.
5. - 9. feb.	<b>Halldór Laxness</b> Skoðum skáldið sem er brottkast úr menntaskóla en nær að mennta sig sjálfur og fá eftirsóttustu viðurkenningu sem til er á miðjum ferlinum.
12. - 16. feb.	Áfram grúskað í HKL. <b>Ritgerð skilað.</b>
19. - 23. feb. Vetrarfrí (mán+þri)	<b>Skáldsaga - Snerting</b> Krossapróf 1 Verkefni unnin úr skáldsögunni.
26. feb - 1. mars Kátir dagar og Flóafár	Krossapróf 2 Verkefni unnin úr skáldsögunni.
4. - 8. mars Áfangamessa (fim) Miðannarmat	Verkefni unnin úr skáldsögunni.
11. - 15. mars Valdagur	Verkefni unnin úr skáldsögunni.
18. - 22. mars Opið hús	<b>Konur og bókmenntir á 20.öld</b> Skoðum hugtakið kvennabókmenntir og hvenær konur koma af alvöru inn í bókmenntasöguna.
25. - 29. mars	<b>PÁSKAFRÍ</b>
1. - 5. apríl Kennsla byrjar á þri	Áfram unnið með kvennabókmenntir.
8. - 12. apríl	
15. - 19. apríl	<b>Bókmenntir á líðandi stundu</b> Greinum verk á tímabilinu 1980-2023.
22. - 26. Apríl Sumardagurinn fyrsti	
29. apríl - 3. maí	
6. - 8. maí Uppstigningardagur	Uppsóp. Frí á fimmtudegi (uppstigningardagur). Námsmat hefst á föstudegi.

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um góða og skapandi samvinnu.

Gert með fyrirvara um breytingar.

3. janúar 2024, íslenskukennarar